

## **Starfsskýrsla hestamannafélagsins Skugga.**

Hjá okkur í hestamannafélaginu Skugga voru haldnir fundir og spilakvöld. Börn og unglingar sem starfandi eru í félaginu eru milli 20-30, en aðal uppistaðan eru yngri börn. Við vorum með tveggja helga námsekið sem haldið var í reiðskemmum á Stað leiðbeinandi þar var Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari voru allir þátttakendur þar mjög ánægðir . Síðan var hið árlega vörnamskeið haldið þar voru 25 þátttakendur á aldrinum frá 5-14 ára leiðbeinendur þar voru þeir Bjarni Guðjónsson og Halldór Sigurðsson.

Í maí var hin árlega fjölskylduferð farin þar sem börn og fullorðnir skemmta sér saman. Síðan var Bjarni Guðjónsson með reiðnámskeið á félagssvæði Skugga í 4 vikur í sumar sem var mjög vel sótt.

Fleira var ekki á dagskrá hjá okkur með bestu kveðjum Margrét Grétarsdóttir, Helga B. Þorsteinsdóttir og Halldór Sigurðsson.

P.S. Það er að taka við ný nefnd í forsvari fyrir henni er Auður Ásta Þorsteinsdóttir Dílahæð 11. sími 4371779.